

1. Stutt lýsing á uppbyggingu fjarskiptasambanda Íslands við umheiminn, sæstrengir, gervihnattasambönd, annað. Tengsl við önnur fjarskiptafélög, samnýting staðsetninga, búnaðar, annað.

Það eru 3 sæstrengir sem tengja Ísland við umheiminn, FARICE-1, DANICE og Greenland Connect. Tveir fyrrnefndu eru í eigu Farice ehf en sá síðastnefndi er í eigu TeleGreenland.

FARICE-1 kemur á land á Seyðisfirði og er endabúnaðurinn hýstur í húsnæði Mílu á Seyðisfirði.

DANICE og GreenlandConnect koma í land á Landeyjasandi og eru í húsnæði Farice ehf sem er sér byggt fyrir þessa starfsemi. Alger aðskilnaður er í húsinu á milli þessara kerfa.

Ekki eru nein varasambönd um gervihnetti.

Landsstrengur Mílu er nýttur til að flytja öll útlandasambönd til og frá landtökustöðvunum að tengistöðvum Farice í Reykjavík og Keflavík og er því mikilvægt að þau kerfi standi traustum fótum.

2. Áhrif óveðursins á þjónustu fyrirtækisins? Hefðu þau geta orðið önnur ef veðurhamur hefði verið meiri á öðrum svæðum? Möguleg áhrif rofs á fjarskiptum við útlönd á starfsemi fyrirtækja og stofnana (m.a. m.t.t. hýsingar gagna í erlendum gagnaverum).

Óveðrið hafði engin áhrif á þjónustu Farice ehf. Ekki er hægt að svara því hvort áhrifin hefðu orðið önnur ef veðurhamur hefði verið meiri á öðrum svæðum.

Það er erfitt að segja til um áhrif rofs á fjarskiptum við útlönd en þar sem flest fjarskiptafyrirtæki eru með sambönd um bæði DANICE og FARICE-1 þá fer það eftir því hvort rofnar samband við annan strenginn eða báða. Báðir strengirnir eru tengdir eftir tveimur aðskildum leiðum frá tengistöðvum á höfuðborgarsvæðinu svo það þarf mikið að ganga á þannig að allt rofni. Áhættan og áhrifin eru þó meiri ef sæstrengur rofnar á hafi úti og getur það haft töluvert mikil áhrif í allt að 5-6 vikur ef allt fer á versta veg. Það má þó segja að það er alfarið í höndum fjarskiptafélagana að ákveða hversu mikið öryggi þeir kaupa og hvort þeir geta lifað við það að annar sæstrengurinn rofni.

3. Hvernig var fyrirtækið undirbúið fyrir óveðrið, tókst að framfylgja viðbragðsáætlun (er hún til vegna óveðurs/raforkuskorts), hvað hefði betur mátt fara og fyrirhugaðar aðgerðir í framhaldi af því?

Fyrirtækið hefur frá upphafi gert sitt ítrasta í að hafa rekstraröryggi í forgangi. Á öllum landtökustöðvum (bæði á Íslandi sem og erlendis) er varaafli þannig háttað að rafgeymar eru á staðnum sem eiga að duga að lágmarki í 4-6 klst (reynslan sýnir allt að 10 tíma endingu). Þessu til viðbótar er að lágmarki 1 dísil rafstöð á hverjum stað sem á að fara í gang innan 30-60 sekúndna eftir að vart verður við rafmagnsleysi. Olíubirgðir á hverjum stað eru að lágmarki til nokkurra sólarhringa.

Það er því lítið sem hægt er að gera til að tryggja rekstur kapalstöðvanna eitthvað frekar í rafmagnsleysi.

Áhættan er væntanlega meiri á landleiðunum frá landtökustöðvunum og á afendingarstaðina á höfuðborgarsvæðinu. Þar erum við undir aðra komnir.

4. Hver var staða varaafls fyrir þjónustuna við þessar aðstæður, m.a. var þjónustan háð eigin varaafli eða varaafli annarra, varð rof á þjónustu vegna raforkuskorts, ef já hversu umfangsmikið? Tillögur til úrbóta.

Ekki varð vart við rafmagnsleysi á okkar landtökustöðum.

5. Var nægilegur mannaflí til staðar, til viðbragða, var tækjakostur fullnægjandi og aðgengilegur? Tillögur um eflingu viðbúnaðar ef við á.

Ekki eru menn til staðar á landtökustöðvunum en almennt eru kerfin þjónustuð frá höfuðstöðvum Farice í Kópavogi. Hægt er að leita aðstoðar manna á Egilstöðum ef þörf er á en Landeyjasandi er sinnt af tæknimönnum Farice á höfðuborgarsvæðinu og því mikilvægt að hægt sé að komast þangað þegar þörf er á.

6. Aðrar tillögur um aðgerðir sem styrkja þjónustu fjarskipta í byggðakjörnum og hinum dreifðu byggðum til langs tíma, svo sem fjárfestingar.

Farice sér eingöngu um fjarskiptasambönd Íslands við umheiminn og tengingar á landsbyggðinni því á ábyrgð innlendra fjarskiptafélaga.

7. Hver er sýn fyrirtækisins á það hver séu lágmarks öryggisfjarskipti fyrir almenning og hvað þurfi til að þau virki, þannig að almenningur geti látið vita af sér (t.d. talsímasamband við 112).

Í ljósi þeirrar þróunar að ljósleiðaravæða heimili landsins þá er að koma upp sú staða að ef rafmagnsleysi verður, þá eru þau heimili sambandslaus (bæði net og heimasími) þar sem endabúnaður á hverju heimili krefst þess að rafmagn sé til staðar. Það má því segja að GSM símar séu að verða mikilvægari en um leið þá eru það GSM sendar sem oft detta fyrst út í rafmagnsleysi og þá á fólk enga möguleika á að láta vita af sér.

8. Aðrar aðgerðir sem skipta máli varðandi eflingu innviða og öryggi íbúa landsins.

Varaafli er mikilvægt í þessu sambandi en það má einnig velta fyrir sér hvort ekki sé enn mikilvægara að grunninnviðir orkudreifingar séu í takt við tímann og þær breyttu þarfir sem orðnar eru í samfélaginu.